# HEILBRIGÐISNEFND
# HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
# 187. fundur – 3. mars 2014

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 3. mars 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 186. fundar heilbrigðisnefndar frá 27. janúar 2014 lögð fram.

## 1 Fundargerð 165. starfsmannafundar frá 26. febrúar 2014

### *1.1 Starfsleyfi*

**Garðabær**

#### 1.1.1 Garðatorg 3, Garðabær – meðferðastofa

Lögð fram umsókn Eddu R. Sigurðardóttur, kt. 030659-3099, dags. 7.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs meðferðastofu að Garðatorgi 3, Garðabæ. Húshluti: 01 0106. Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs þar sem frágangi búnaðar í húsnæði er ekki lokið og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

#### *1.1.2 Hliðsnes 6 og 6b, Garðabær – orlofsíbúðir*

Lögð fram umsókn Þórs Saari, f.h. Jóhannesar ehf., kt. 610606-0910, dags. 28.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististarfsemi án veitinga í íbúðum að Hliðsnesi 6 og 6b Garðabæ. Ný starfsemi. Húshluti: allt húsið.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

#### *1.1.3 Kauptún 5, Garðabær - gæludýraverslun*

Lögð fram umsókn Jóhannesar H. Sigmarssonar, f.h. Gæludýrabúðarinnar Fiskó ehf., kt. 570413-0580, dags. 19.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæludýraverslunar að Kauptúni 5, Garðabæ. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

#### 1.1.4 Smáraflöt 45, Garðabær – snyrtistofa

Lögð fram að nýju umsókn Önnu Maríu Jónsdóttur, f.h. I AM heilsulausnir., kt. 440510-0510 dags. 21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smáraflöt 45, Garðabæ. Ný starfsemi. Húshluti: í hluta bílskúrs.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er umsókn vísað frá þar sem umbeðin gögn hafa ekki borist.

**Hafnarfjörður**

#### 1.1.5 Blómvellir 6, daggæsla

Lögð fram umsókn Hildar Gylfadóttur, kt. 220567-5329, dags. 19.02.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili, að Blómvöllum 6, Hafnarfirði. Einbýlishús. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

#### 1.1.6 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður, tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Þóris Schiöth f.h. Rétti jaxlinn slf., kt. 531211-0140, dags. 25.01.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir tannlæknastofu að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði samkvæmt yfirlitsteikningu. Húshluti: fastanúmer 207. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður, bakarí og veitingastofa

Lögð fram umsókn Júlíusar Matthíassonar f.h. Bæjarbakarí ehf., kt. 690890-1439, dags. 23.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís og veitingastofu að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Húshluti: jarðhæð. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.8 Dalshraun 14, Hafnarfjörður, matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Aðalsteins Sesars Pálssonar f.h. Matvex ehf., kt. 700812-0220, dags. 7.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu tilbúinna rétta að Dalshrauni 14, Hafnarfirði.
Húshluti: 01 0105. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.9 Eyrartröð 4, Hafnarfjörður, málmsmíði

Lögð fram umsókn Elliða Hreinssonar, f.h. Gullmola ehf., kt. 540194-2119, dags. 12.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á fiskvinnsluvélum og til almennrar málmsmíði að Eyrartröð 4, ásamt starfstöð að Eyrartröð 14, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.10 Eyrartröð 10, Hafnarfjörður, vörugeymsla

Lögð fram umsókn Ayodeji G. Kuforiji, kt. 140374-2299, dags. 23.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu og umpökkunar á þurrkuðum fiski að Eyrartröð 10, Hafnarfirði.
Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.11 Fjarðargata, Hafnarfjörður, veitingaverslun

Lögð fram umsókn Óðins Hrafns Þrastarsonar, kt. 050397-2549, þar sem sótt er um leyfi til veitingasölu úr bás á óskilgreindu svæði við Fjarðargötu.
Með vísun til ákvæða matvælalaga er umsókninni synjað þar sem starfsemin uppfyllir ekki ákvæði III-kafla reglugerðar um nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli

1.1.12 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður, bónstöð

Lögð fram umsókn Arnars H. Isaksen f.h. Bónstöðvar Hafnarfjarðar slf., kt. 601213-2810, dags. 11.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Húshluti: kjallari Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.13 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður, tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Sigurðar Arnar Eiríkssonar f.h. Stúdíó tönn ehf., kt. 440497-2179, dags. 23.01.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir tannlæknastofu að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði.
Húshluti: 2. hæð norður. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.14 Helluhraun 16-18, Hafnarfjörður, áfengisverslun

Lögð fram umsókn Ingu Margrétar Haraldsdóttur f.h. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, kt. 410169-4369, dags. 28.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar að Helluhrauni 16-18, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.15 Hrauntunga 1, Hafnarfjörður, orlofsíbúð

Lögð fram umsókn Lilju Matthíasdóttur, f.h. JM veitingar ehf., kt. 540709-0330, dags. 3.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistingar án veitinga í íbúð að Hrauntungu 1, Hafnarfirði. Húshluti: einbýlishús, allt húsið. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.16 Kaplakriki, Hafnarfjörður, samkomusalur

Lögð fram umsókn Birgis Jóhannssonar f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar., kt. 540169-2769, dags. 4.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar í Íþróttamiðstöðinni Kaplakrika, Hafnarfirði. Húshluti: 0201 Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.17 Lækjargata 34c, Hafnarfjörður - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Birnu Láru Þórarinsdóttur f.h. Víking Spa ehf., kt. 610114-1640, dags. 5.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Lækjargötu 34c, Hafnarfirði.
Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.18 Selhella 13, Hafnarfjörður átöppun á neysluvatni og matvörudreifing

Lögð fram umsókn Guðmundar Sigurðssonar, f.h Kerfis fyrirtækjaþjónustu ehf., kt. 541210-0400, dags. 11.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til átöppunar og dreifingu á vatni í neytendaumbúðir og heildverslunar með matvörur og hreinlætisvörur að Selhellu 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er afgreiðslu frestað meðan unnið er að úrbótum.
Guðmundur Sigurðsson, vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

1.1.19 Trönuhraun 6, Hafnarfjörður, tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Jennýjar Ágústsdóttur, kt. 060953-5899, dags. 21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir tannlæknastofu að Trönuhrauni 6, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0202. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.20 Trönuhraun 7c, Hafnarfjörður, matvælaframleiðsla og veisluþjónusta

Lögð fram umsókn Jóns Arnar Stefánssonar, f.h. Kjötkompanís ehf., kt. 500709-0140, dags. 25.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælaframleiðslu og veisluþjónustu að Trönuhrauni 7c, Hafnarfirði. Húshluti: 0103. Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Kópavogur**

1.1.21 Austurkór 1, Kópavogur - leikskóli

Lögð fram umsókn Sesselju Hauksdóttur, f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759, dags. 7.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Austurkór 1, Kópavogi.
Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.22 Álfhólsvegur 111, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn G. Hans Þórðarson, f.h. Stálvík ehf., kt. 470188-1549, dags. 19.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Álfhólsvegi 111, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2014.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest til 31.03.2014.

1.1.23 Drangakór 7, Kópavogur - fæðubótaefni

Lögð fram umsókn Halldórs Más Sverrissonar, f.h. Adina ehf., kt. 430413-0660, dags. 5.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til sölu og dreifingar á fæðubótaefnum að Drangakór 7, Kópavogi. Um er að ræða lögheimili fyrirtækis, dreifing vöru verður frá vöruhótelum.
Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.24 Hagasmári 1, Kópavogur - sala á matvöru

Lögð fram umsókn Elís Viktors, f.h. Sema ehf., kt. 510507-2310, dags. 18.11.2013, þar sem sótt er um leyfi til fyrir kleinuhringjabás að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað eftir teikningu af fyrirkomulagi í húsnæðinu og stöðu úrbóta með vísun til eftirlitsskýrslu frá 13.02.2014.

1.1.25 Hamraborg 7, Kópavogur - framleiðsla á fæðubótaefnum

Lögð fram umsókn Sigurðar Finnssonar, f.h. Medasin ehf., kt. 540705-0380, dags. 10.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á fæðubótaefnum að Hamraborg 7, Kópavogi.
Húshluti: 01-0001. Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.26 Kópavogsbraut 1c, Kópavogur - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Auðar Sveinsdóttur kt. 201255-5899 dags. 3.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Kópavogsbraut 1a, Kópavogi.
Húshluti: 05 0101. Breyting á húsnæði.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.27 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – matvörusala

Lögð fram umsókn Ingu Helgu Sveinsdóttur f.h. Blómstrandi ehf., kt. 581113-0210, dags. 12.12.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gjafavöruverslunar með lítilsháttar matvörusölu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.28 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Þóreyjar Gunnarsdóttur f.h. Makeover ehf., kt. 631211-0110, dags. 5.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með fegrunarflúri að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.29 Smáratorgi 1, Kópavogur – dýralæknastofa

Lögð fram umsókn f.h. Tim Richardson, f.h. Tim dýralæknir ehf., kt. 690114-0110, dags. 25.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dýralæknastofu að Smáratorgi 1, Kópavogi.
Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.30 Skeljabrekka 4, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Leifs Guðjónssonar, f.h. VGH-Mosfellsbæ ehf., kt. 600104-4030, dags. 10.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Skeljabrekku 4, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest til 1.04.2014.

1.1.31 Smiðjuvegur 18, Kópavogur - bílasprautun og réttingar

Lögð fram umsókn Trausta Hallsteinssonar f.h. Bílasprautun og réttinga Trausta ehf., kt. 531009-2150, dags.7.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílasprautunarverkstæðis að Smiðjuvegi 18, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.32 Smiðjuvegur 22 og 24, Kópavogur - bifreiða- og vélaverkstæði.

Lögð fram umsókn Steinþórs Jónssonar, f.h., Bifreiðaverkstæðis Friðriks Ólafssonar ehf., kt. 680994-2779, dags. 19.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis, að Smiðjuvegi 22 og 24, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.33 Smiðjuvegur 26, Kópavogur - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ægis Jónssonar f.h. Bílfix slf., kt. 440712-1180, dags.17.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 26, Kópavogi. Húshluti: 01 0101 Eigendaskipti
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.34 Suðurlandsvegur Geirland, Kópavogur - lager og söluaðstaða fyrir jarðefni

Lögð fram umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 3.3.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs flokkunarvélar, lagers- og söluaðstöðu fyrir jarðefni að Geirlandi við Suðurlandsveg, Kópavogi. Endurnýjun.
Lögð fram reglugerð nr. 214/2014, um (10.) breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt að auglýsinga starfsleyfi til 4 ára að höfðu samráð við skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa sbr. ofangreinda reglugerð.

1.1.35 Suðurlandsvegur Gunnarshólmi, Kópavogur - alifuglarækt

Lögð fram umsókn Margrétar Gunnarsdóttur, kt. 150484-3089, dags.21.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til alifuglaræktar að Gunnarshólma, Kópavogi. Húshluti: í eldri útihúsum.
Ný starfsemi.
Lögð fram reglugerð nr. 214/2014, um (10.) breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt að auglýsinga starfsleyfi til 4 ára að höfðu samráði við skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa sbr. ofangreinda reglugerð.

1.1.36 Víðigrund 1, Kópavogur - fæðubótaefni

Lögð fram umsókn Þóris Magnússonar f.h. North Port Service ehf., kt. 531010-0350, dags. 11.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á fæðubótaefnum. Um er að ræða lögheimili að Víðigrund 1, Kópavogi en vörudreifing frá vöruhótelum**.** Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt.

*1.2 Umsagnir*

**Garðabær**

1.2.1 Hliðsnes 6 og 6b, Garðabær, orlofsíbúðir, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 29.01.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhannesar ehf., kt. 610606-0910, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistingu án veitingasölu í íbúðum samkvæmt flokki II að Hliðsnesi 6 og 6b, Garðabæ.
Eftirfarandi samþykkt var gerð:
,,Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 3.03.2014 starfsleyfi til reksturs orlofsíbúða skv. matvæla- og hollustuháttareglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir orlofsíbúð."

**Hafnarfjörður**

1.2.2 Ásvellir, íþróttahús – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 20.02.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Hauka kt. 600169-0419, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður í íþróttahúsinu Ásvöllum, Hafnarfirði, þann 1.03.2014 frá kl. 20.00 – 03.00, fyrir allt að 1100 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

#### 1.2.3 Hrauntunga 1, Hafnarfjörður, orlofsíbúð, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 31.01.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM veitinga ehf., kt. 540709-0330, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistingu án veitingasölu í íbúð samkvæmt flokki I að Hrauntungu 1, Hafnarfirði
Eftirfarandi samþykkt var gerð:
"Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 3.03.2014 starfsleyfi til reksturs orlofsíbúða skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir orlofsíbúð."

### *1.3 Tóbaksleyfi*

#### 1.3.1 Hófgerði 30, Kópavogur –verslun

Lögð fram umsókn Samkaups hf ., f.h. Samkaup Strax, kt. 571298-3769, dags.24.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun fyrirtækisins að Hófgerði 30, Kópavogi. Endurnýjun. Leyfisveiting staðfest.

#### 1.3.2 Salavegur 2, Kópavogur –verslun

Lögð fram umsókn Samkaups hf., f.h. Nettó Salavegi, kt. 571298-3769, dags.24.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun fyrirtækisins að Salavegi 2, Kópavogi. Endurnýjun. Leyfisveiting staðfest.

### *1.4 Annað*

#### 1.4.1 Samstarfshópar Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða sveitarfélaga

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 13. febrúar 2014 þar sem óskað er eftir tilnefningum á tengilið eða fulltrúa í samstarfshópa.
Samþykkt að tilnefna Tore Skjenstad sem fulltrúa í umhverfisgæðahóp og Þóru Elínu Guðjónsdóttur sem fulltrúa í hollustuháttahóp.

#### 1.4.2 Úttekt frá ESA, eftirlitsstofnunar EFTA

Lagður fram tölvupóstur Matvælastofnunar frá 26. febrúar 2014 um dagskrá vegna eftirlitsheimsóknar ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, dagana 3. til 7. mars n.k.

#### 1.4.3 Mælingar á varnarefnaleifum í matvælum

Lagður fram tölvupóstur Matvælastofnunar frá 26. febrúar 2014 ,, Minnisblað vegna varnarefnaleifa og eftirlits með þeim". Í tölvupóstinum kemur fram að nú hafi Matvælastofnun ekki lengur fjármuni til þess að standa undir kostnaði við varnaefnamælingar. Óhjákvæmilegt verði því frá og með árinu 2014 að mæta þeim kostnaði með gjaldtöku af hálfu heilbrigðiseftirlits þeirra sveitarfélaga sem annast umræddar sýnatökur.

#### 1.4.4 Vararafstöð í Bláfjöllum

Lagðar fram vinnuleiðbeiningar frá Isavia vegna olíuflutninga til vararafstöðvar á fjarsvæði A vatnsverndar höfðuborgarsvæðinu í Bláfjöllum.

## 2 Húsnæðismál heilbrigðiseftirlits

Lögð fram drög að húsleigusamningi milli Arion banka hf. og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis vegna húsnæðis fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Hið leigða húsnæði er að á annarri hæð að Garðatorgi 5. Garðabæ.
Heilbrigðisnefnd samþykkir samninginn.

## 3 Vatnsvernd

### *3.1 Fundargerð 102. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd*

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 20. febrúar 2014

### *3.2 Fundargerð Orkuveitu Reykjavíkur með heilbrigðisfulltrúum*

Lögð fram til kynningar fundargerð Orkuveitu Reykjavíkur frá 7. febrúar 2014 með heilbrigðisfulltrúum á veitusvæði Orkuveitunnar.

## 4 Starfsemin á árinu 2013

Rætt stöðumat og framkvæmd nokkurra verkefna og drög að ársreikningi 2013

### *4.1 Ásreikningur 2013*

Farið yfir gögn úr bókhaldi vegna undirbúnings fyrir gerð ársreiknings vegna 2013

### *4.2 Vöktun á umhverfisgæðum*

#### 4.2.1 Yfirborðsvatn

Lagðar fram til kynningar upplýsingar um vöktun í lækjum og vötnum sem birt hafa verið á heimasíðu. Reglubundnar örverumælingar fóru fram samkvæmt áætlunum. Niðurstöður eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlitsins http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Umhverfi.htm . Einnig fóru fram mælingar á næringarefnum og málmum. Niðurstöður hafa borist og munu birtar fljótlega

#### 4.2.2 Sjór og strendur

Lagðar fram til kynningar upplýsingar um vöktun við strendur sem hafa það að markmiði að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps Niðurstöður örverumælinga eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlits.
http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm

### *4.3 Þungmálmar og brennisteinn í mosa í Hafnarfirði*

Í framhaldi af skýrslu *Náttúrufræðistofnunar Íslands um ,,Þungmálma og brennistein í mosa á Íslandi 1990-2010: Áhrif iðjuvera" og umræðu í framhaldinu voru tekin til rannsókna* Sjö mosasýni í lok október 2013. Tvö sýni voru tekin þar sem mengun hafði áður mælst í iðnaðarhverfinu, tvö sýni voru tekin inni í íbúðarbyggðinni á Völlunum, tvö sýni á milli íbúðarbyggðar og iðnaðarsvæðisins og loks eitt skammt suður af iðnaðarsvæðinu.
Tilgangurinn var að afla fyllri upplýsinga um styrk þungmálma og brennisteins í nágrenni iðnaðarsvæðisins í Hellnahrauni og kanna hvort ástæða væri til að óttast að mengunin bærist til íbúðahverfisins.
Náttúrfræðistofnun hefur fengið niðurstöður úr mælingunum og er að vinna úr þeim skýrslu til birtingar.
Heilbrigðisnefnd telur í ljósi upplýsinga sem fengist hafa bendi gögn til að staðbundin mengun í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni nái ekki út fyrir hverfið.

### *4.4 Loftgæði*

Farið yfir stöðu mælinga sem eru í framkvæmd til að meta loftgæði og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi.

#### 4.4.1 Ryk- og þungmálma mælingar

Ryksmælingar eru í framkvæmd að Norðurhellu 2 í Hafnarfirði. Mæliniðurstöður úr greiningum á svifryki á tímabilinu frá 2. nóvember 2013 til 11. janúar 2014 liggja fyrir hjá Nýsköpunarmiðstöð. Meðaltal tímabilsins er 11,5 í µg/m³ samanborið við 8,0 µg/m³ á Hvaleyrarholti á sama tíma. Heilsuverndarmörk eru skilgreind sem sólarhringsmeðaltal sem skal vera undir 50 µg/m³. Jafnframt voru gerðar 64 efnamælingar á ryksýnum til ákvörðunar á styrk þungmálma. Verið er að vinna úr niðurstöðunum hjá Nýsköpunarmiðstöð og afla viðmiðunargilda sem koma munu í skýrslu fljótlega.
Heilbrigðisnefnd telur í ljósi upplýsinga sem fengist hafa bendi gögn til að staðbundin mengun í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni nái ekki út fyrir hverfið.

Gísli Gíslason vék af fundi.

### 4.4.2 Mælingar á brennisteinsvetni 2013

Lögð fram greinargerð um loftgæðavöktun Í Lækjarbotnum, Kópavogi frá 19. september 2012 til 29. janúar 2014. Mælingar taka til á styrks brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og svifryks í andrúmslofti.  Um er að ræða rauntímamælingar sem birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins http://gogn.vista.is/vdv.php?p=1 .

Styrkur brennisteinsvetnis reyndist umtalsverður á tímabilinu.  Aðallega frá hausti til vors en lægri á sumrin.  Styrkurinn er mjög háður veðri og er hæstur þegar hægir vindar blása frá virkjanasvæðinu á Hellisheiði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:
,, Heilbrigðisnefnd telur í ljósi mælinga sem fram hafa farið á styrk brennisteinsvetnis í Lækjarbotnum í Kópavogi fyllstu ástæðu til að rekstraraðili orkuversins á og við Hellisheiði láti framkvæma á sinn kostnað ítarlega kortlagningu á mengun á svæðinu, svo gengið verði úr skugga um að rekstri skóla og íbúabyggð sé óhætt að vera á svæðinu við óbreyttar aðstæður.”

## 5 Umsókn um undanþágu frá reglum um fjarlægðamörk

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 4. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um erindi Margrétar Gunnarsdóttur f.h. Grænt ehf. þar sem sótt er um undanþágu frá ákvæðum 4. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti fjarlægðarmörk milli fyrirhugaðs alifuglahúss og annarrar starfsemi á svæðinu.
Umsækjandi hefur lagt fram loftmynd af svæðinu sem sýnir afstöðu til nálægrar íbúðarhúsabyggðar og frístundahúsabyggðar.

Eftirfarandi umsögn er veitt:
,, Ólykt frá alifuglarækt getur skapað vandamál í sínu nærumhverfi og þá einkum frá fuglaskít er fellur óhjákvæmilega til í slíku eldi. Alifuglarækt getur einnig fylgt önnur óæskileg umhverfisáhrif eins og almenn óþrif og gerla- og köfnunarefnismengun í vatni, einkum ef illa er staðið að geymslu fuglaskíts og dreifingu. Aðkoma heilbrigðisnefndarinnar er að draga úr slíkum áhrifum en lausnir taka alltaf mið af staðháttum.

Fyrirhuguð starfsemi að Gunnarshólma er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Staðhættir eru þannig að tæpir 500 metrar eru til næstu frístundahúsa. Fyrirhuguð starfsemi er bundin við kjúklingaeldi með litlu umfangi og hænsnaskítur verður ekki geymdur á svæðinu heldur fluttur strax brott. Ólíklegt verður að telja að starfsemin muni valda öðrum ónæði eða álagi á umhverfi. Með vísun til ofangreindra forsenda telur heilbrigðisnefnd að veita megi umrædda undanþágu.”

## 6 Umsókn um undanþágu frá reglum um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 24. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um erindi Orkuveitu Reykjavíkur dags. 12. febrúar s.l. þar sem sótt er um undanþágu frá hertum ákvæðum í reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteins í andrúmslofti.
Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:
,,Heilbrigðisnefnd telur reglugerð nr. 514/2010 vera vandaða. Sérhver ákvörðun um að draga úr kröfum um hámarksstyrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti þarf að  byggja á sterkum grunni, þar sem hafa þarf í huga afar rík varúðarsjónarmið varðandi heilsu íbúa nærliggjandi byggða. Heilbrigðisnefnd er ekki kunnugt um rannsóknir sem gefa tilefni til breytinga á reglugerðinni. Í ljósi þess leggst heilbrigðisnefnd gegn því að umbeðin undanþága verði veitt.

Einnig vekur nefndin athygli á að í Kópavogi er staðsett kennsluhúsnæði í Lækjarbotnum og rekin þar grunnskóli og leikskóli.  Þar eru einnig íbúðarhús og skammt frá eru frístundahús og tvö býli. Vöktun loftgæða á vegnum heilbrigðisnefndar hefur farið fram í Lækjarbotnum í færanlegri mælistöð um nokkurt skeið.  Tekin hefur verið saman greinargerð um niðurstöður mælinga á brennisteinsvetni fyrir tímabilið frá 19. september 2012 til 29. janúar 2014.  Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið umtalsverður á þessu tímabili og þá einkum á rekstrartíma skólans. Mestur styrkur er þegar hægir vindar blása frá virkjanasvæðinu á Hellisheiði í átt að Lækjarbotnum. Mótvægisaðgerðir vegna skólahalds í Lækjarbotnum hafa ekki verið kynntar heilbrigðisnefnd og eru því enn frekari rök er mæla með að undanþágunni verði hafnað."

# 7 Önnur mál

## *7.1 Útflutningur brotamálma*

Lögð fram samantekt dags. 17. febrúar 2014 um atburðarás varðandi söfnun og útskipun á notuðum bílum, tækjum og málmúrgangi í bland við spilliefni. Samantektin var gerð eftir umfjöllun hjá heilbrigðisnefnd þann 27. janúar 2014 vegna máls sem nýverið kom upp í Hafnarfjarðarhöfn.

Heilbrigðisnefnd telur að mál varðandi útskipun á notuðum bílum, tækjum og ómeðhöndluðum málmúrgangi þurfi frekari skoðunar og umfjöllunar við hjá stjórnvöldum og óskar eftir því að Umhverfisstofnun beiti sér fyrir því.

## *7.2 Úrvinnsla ökutækja, upplýsingaöflun og skýrslugjöf*

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 24. febrúar 2014 þar sem vísað er til erinda heilbrigðisnefndar frá 28. mars 20122 og 7. maí 2013. Í erindunum hafði heilbrigðisnefnd farið fram á að reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja verði felld úr gildi eða a.m.k. endurskoðuð með það að markmið að einfalda skýrslugerð. Ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa fengið sjónarmið Umhverfisstofnunar að ekki sé forsenda til að fella reglugerðina úr gildi. Jafnframt telur ráðuneytið mikilvægt að upplýsingaöflun og skýrslugjöf sé einföld og skilvirk og því nauðsynlegt að Umhverfisstofnun skoði allar leiðir til að stuðla að því, m.a. með að hraða eftir því sem kostur er vinnu við útgáfu sérstakra leiðbeininga um upplýsingagjöfina.

Heilbrigðisnefnd tekur undir með ráðuneytinu um nauðsyn gerðar sérstakra leiðbeininga fyrir upplýsingagjöf vegna úrvinnslu ökutækja og að þeirri vinnu verði hraðað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:58

Margrét Halldórsdóttir — Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson — Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson — Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson